



## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

### Skuggasundi 1

101 Reykjavík

#### **Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð. Birt í Samráðsgátt 18.12.2019. Mál nr. 317/2019.**

Verkfræðingafélag Íslands skilaði 31. október 2019 umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Mál nr. 253/2019.

Full ástæða er til að rifja þá umsögn upp og er hún birt hér að neðan (skáletruð). Að auki gerir VFÍ athugasemd við 11. grein lagafrumvarpsins og kemur hún fram í lok umsagnar þessarar.

Umsögn VFÍ frá 31.10 2019. Mál nr. 253/2019:

*VFÍ telur nauðsynlegt að huga bæði að verndun og nýtingu við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.*

*Stofnun þjóðgarðs getur haft ýmis jákvæð áhrif en að sama skapi þarf að tryggja að sjálfbær þróun íslensks samfélags verði ekki hindruð með sömu aðgerð. Þá er átt við að tekið sé tillit til allra þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, umhverfis, efnahags og samfélags, til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.*

*Á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði er nú margs konar nýting tengd ferðaþjónustu, landbúnaði og ekki síst umfangsmikil nýting endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar orku sem nýta má enn frekar í framtíðinni með sjálfbærum hætti og takmörkuðu raski. Rannsóknir sýna sem dæmi að erlendir ferðamenn hrifast af einstakri náttúru landsins sem og sjálfbærri nýtingu á endurnýjanlegum orkuauðlindum.*

*Íslenskt samfélag tekur stöðugum breytingum. Til framtíðar þarf íslensk þjóð á orku að halda til uppbyggingar atvinnuvega og til að mæta fjölgun landsmanna. Mikilvægt er að sú orka komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt. Þá er mikilvægt að tryggja að flutningur raforku geti átt sér stað á sem hagkvæmastan hátt en þó þannig að flutningsleiðir valdi eins litlu raski og hægt er innan skynsamlegra kostnaðarmarka.*

*Með því að skipta þjóðgarði í mismunandi flokka eins og víða er gert erlendis má tryggja að ekki verði komið í veg fyrir skynsamlega og sjálfbæra nýtingu orku og aðra nýtingu á þjóðgarðssvæðinu.*

*Rammaáætlun er sá farvegur sem á Íslandi er nýttur til að stýra vernd og nýtingu náttúrusvæða með tilliti til orkuöflunar, og á að taka tillit til þriggja stoða sjálfbærni. Félagið telur ekki rétt að taka fram fyrir hendurnar á því ferli með því að friða orkuauðlindir gagnvart nýtingu sem ekki hafa verið flokkaðar í verndarflokk.*

*Uppbygging innviða og manngerðs umhverfis er óhjákvæmileg í þjóðgarði líkt og á öðrum stöðum. Mikilvægt er að slík uppbygging taki mið af sjálfbærni og breyttum þörfum framtíðarinnar.*

*VFÍ leggst gegn því að einstakir landeigendur geti óskað eftir því að jarðir þeirra verði innan þjóðgarðsins. Í þeim tilvikum þarf að hafa heildarhagsmuni í huga. Það sama ætti að gilda um aðila sem fara með umsjón lands fyrir hönd ríkisins.*

Athugasemd við einstaka lagagrein:

11. gr.

*Orkunýting.*

Í lok 4. mgr. stendur: *Jafnframt eru nýjar háspennulínur ekki leyfðar í þjóðgarðinum.*

VFÍ telur þetta of víðtækt. Fyrir því má færa ýmis rök. Krafa um aðgengi að orku víða um land krefst mannvirkja til að flytja hana, sem í einhverjum tilfellum gæti kallað á línur innan þjóðgarðs þar sem hann nær yfir stóra hluta landsins. Verði af virkjun orkukosta í nýtingarflokki innan þjóðgarðsins þarf jafnframt að vera leyfilegt að flytja hana. Sú staða getur komið upp að endurnýja þurfi háspennulínur og breyta á þann hátt að þær valdi minna raski en eldri línur og að sama skapi geta jarðstrengir valdið meira óendurkræfu raski á náttúrunni en háspennulínur. Auk þess er í mörgum tilfellum ekki hægt að nýta þá við flutning á raforku með háa spennu.

*Reykjavík, 20. janúar 2020.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*